

## Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 13. apríl 2018 kl. 10.00 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Guðmundur Hálfðanarson (formaður, sem stjórnaði fundi), Auður Hauksdóttir (SVF), Jón Ólafsson (RIKK), Sif Ríkharðsdóttir (B&L), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rannveig Sverrisdóttir (MVS), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Gústav Adolf Sigurbjörnsson (DOKT), Eiríkur Smári Sigurðarson og Margrét Guðmundsdóttir (sem ritaði fundargerð).

### Dagskrá

1. *Fundargerðir síðustu tveggja funda:* Fundargerðir frá 12. desember 2017 og 1. febrúar 2018 voru samþykktar.

2. *Reglur fyrir Rannsóknasjóð Hugvísindastofnunar:* Stjórnin ræddi reglur Rannsóknasjóðs fyrir næsta umsóknafrest sem verður að þessu sinni 2. maí. Samþykkt var að gera lítilsháttar breytingar á 1.-5. grein, einkum til að skerpa á orðalagi um skilyrði. Í 3. grein var felld niður krafa um mótframlag stofnunar. Ákveðið var að fella út liði 6, 7 og 8.

### 3. Önnur mál:

Rætt var um útgáfumál stofnana og samstarf við Háskólaútgáfuna. Jón Ólafsson, stjórnarmaður í Háskólaútgáfunni, sagði frá þróunarstarfi þar. Umræður urðu um kostnað við útgáfu og hvort eða í hve miklum mæli stofnanir ættu að sinna útgáfu.

Ragnheiður Kristjánsdóttir, stjórnarformaður Sagnfræðistofnunar, sagði frá óánægju innan stofnunarinnar með mjög skert framlög. Í umræðum var bent á að þeir sem fá styrki njóti þess að mörgu leyti frekar en áður. Hins vegar hafa framlög til stofnananna lækkað mjög frá því sem áður var. Rætt var um hvort styrkfé vegna samrekstrar gæti að einhverju leyti runnið til stofnana. Engin niðurstaða fékkst, en málið verður skoðað þegar vinna hefst við fjárhagsáætlun næsta árs.

Fundi slitið um kl. 11.30